



Grænni byggð – Green Building Council Iceland 2025-2026

Stjórnarfundur 11. mars 2025 v.01

Staðsetning fundar: HMS Borgartúni

Dagsetning: fimmtudagur 08. maí 2025 kl. 13:00

Mætt: Anna Kristín, Anna Sigríður, Elín, Bergþóra og Alex.

Fundarritari: Anna Kristín

GBC Iceland – Grænni byggð –stjórn 2024-2025:

1. Anna Kristín Hjartardóttir (AKH), meðstjórnandi – EFLA - anh@efla.is
2. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), meðstjórnandi – sunnasigmarsdottir@gmail.com
3. Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – Hornsteinn - sirry@hornsteinn.is
4. Elín Þórólfsdóttir (EP), meðstjórnandi – HMS – elin.thorolfsdottir@hms.is
5. Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), meðstjórnandi – annasj.ark@gmail.com
6. Alex Ingi Espersen (AIE), meðstjórnandi – alexe@cowi.com
7. Bergþóra Góa Kvaran (BGK), meðstjórnandi – bergthora.kvaran@uos.is

Katarzyna Anna Jadodzinska –starfandi framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – kjag@graennibyggd.is.

Dagskrá fundar:

1. Almenn

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar eftir aðalfund.

2. Morgunfundir

- New European Bauhaus, vinnustofa í samstarfi við Arkitektafélag Íslands í Grósku 4.06.2025. Starfandi framkvæmdastjóri spyr hvort stjórn vilji opna með kynningu. Stjórn telur að framkvæmdastjóri sé best til þess fallin að opna viðburðinn þar sem hún hefur mestu þekkinguna. Stjórn er tilbúin að opna viðburðinn og taka þátt með stuðningi framkvæmdastjóra.
- Frakkastígur 1; Hannað af Lendager og byggt af IÐU ehf., stjórn lýst vel á þennan viðburð.
- Uppfærsla á EU reglugerð vegna niðurrifsúrgangs, haldið þann þann 26.06. LCA. Framkvæmdastjóri er með fyrirspurn til stjórnar um viðburðinn, stjórn finnst þetta spennandi viðburður en tímasetning getur verið áskorun svona nálægt sumarfríum, en GB mun þá geta nýtt upptökur af fundinum og kynnt í haust.
- Heimsókn í Urriðaból, handhafa Grænu skóflunnar; 23.05.2025 kl. 16:00.

3. Verkefni skrifstofu

Katarzyna

- NullCO2
- Hringvangur



- Innleiðing hringrásarhagkerfis
- Torfhús
- Bauhaus goes north

Hanna

- Fréttabréf
- Aðilakynning í fréttabréfi
- Samfélagsmiðlar, auglýsingar á FB urðu til
- Grafík fyrir heimasíðu Hringvangs
- Hönnun bæklinga, losunarlausir verkstaðir
- Tengslahópar; vinna við fundi, skipulag o.fl.
- Markaðsherferð – nýjir aðilar

4. Græna skóflan (GS)

Ekki er byrjað að taka við tilnefningum.

Umræður um einkunnakerfið. Stjórnarmeðlimir taka að sér að uppfæra matsskjal fyrir matsferlið.

Ný verðlaun fyrir endurbætur, leitað að nýju nafni, ekki veittur verðlaunagipur heldur frekar viðurkenningarskjal. Tillaga frá stjórn að verðlaunin heiti Græna Stjarnan, stjórnarmenn hafa tíma til 12. maí til að koma með betri tillögu.

Fjöldi tilnefninga til Grænu skóflunnar 2024 voru á mill 10-20.

5. Dagur grænni byggðar - DGB

Rætt um tillögur starfsmanns GB um fyrirkomulag við boð á viðburðinn og miðasölu. Þátttaka var mjög góð árið 2024, gestir voru áhugasamir um erlendan fyrirlesara. Það þarf að gera vel við aðildarfélag á DGB. Ákveða þarf dagsetningu sem fyrst til að hægt sé að panta húsnæði. Tillögur að dagsetningu voru enda september 23.-25.09 eða 30.09-2.10.2025. Iðnó er sjarmerandi ráðstefnusalur og stjórn og GB tilbúnir að nota þann sal aftur. Stjórnarmaður stakk upp á ráðstefnuhúsi með vistvottaða starfsemi (Harpa eða Grand Hótel). Athuga þarf hvort aðrir viðburðir séu skipulagðir á sama tíma sem eru á áhugasviði aðildarféлага og annarra sambærilegra aðila sem hefðu áhuga á DGB.

GB þarf að hefja undirbúning við DGB sem fyrst, fyrsta skref að fá drög frá starfsfólki GB og leggja undir stjórn á næsta fundi. Stjórnarmenn hugsi hvað gæti verið yfirskrift eða þema DGB 2025, rætt var um vistvænt skipulag, líftímaending, líftímakostnaður og endurbætur bygginga.

6. Samskipti og kynningarmál

Tengslahópar; flestir tengslahópar halda sér nema vistvænir innviðir, áhugi á að fá hóp um hringrásarhagkerfið, finna rétta fólkið til að bjóða í hópinn. Samþykkt var af stjórn að stofna þennan tengslahóp.



7. Starfsmannamál

- Nýr sumarstarfsmaður var valin úr 38 manna hóp sem sótti um starfið, mikill áhugi

8. Kjör stjórnar

Elín hefur ákveðið að bjóða sig fram til formanns. Elín var einróma kosin á fundinum, fjarverandi stjórnarmenn Sirrý og Sunna voru búnar að gefa samþykki sitt til framkvæmdastjóra.

Anna Kristín bauð sig aftur fram til ritara og var einróma samþykkt af viðstöddum jafnt sem fjarverandi stjórnarmönnum.

Sunna bauð sig aftur fram til gjaldkera og var einróma samþykkt af viðstöddum jafnt sem fjarverandi stjórnarmönnum.

Stjórn óskar eftir hjálp frá framkvæmdastjóra við að útbúa pappíra til að tilkynna til Hagstofunnar. Allir stjórnarmeðlimir þurfa að skrifa undir pappíra rafrænt á næsta fundi með hjálp framkvæmdastjóra.

9. Annað

Erindi barst til GB frá „Healthy buildings 2025“ sem er ráðstefna. Óskað er eftir að:

- GB útvegi 1-2 starfsmenn til að aðstoða í tvo og hálfan dag. Myndi vera launaður af GB. Starfsmenn GB þurfa að meta hvort þau hafi tíma til ráðstöfunar fyrir slíkt, stjórn hefur ekkert á móti því ef starfsmenn vilja vinna á ráðstefnunni.
- Aðili úr stjórn opni viðburð á vegum GB á ráðstefnunni. Tveir stjórnarmenn verða á viðburðinum fyrir hönd þeirra eigin vinnustaðar, væri gott ef önnur hvor gæti séð um að segja nokkur orð.
- nota lógó GB fyrir ráðstefnuna. Stjórn veitir samþykki sitt fyrir að nota lógó GB.

Ákveðið að hittast á veitingahúsi, bjóða núverandi stjórn velkomna og kveðja tvo stjórnarmeðlimi sem fóru úr stjórn á síðasta aðalfundi. Ákveðið að framkvæmdastjóri myndi skipuleggja viðburðinn.

Næsti stjórnarfundur verður 19. Júní kl. 15:00. Ef þátttaka verður ekki nægjanleg verður reynt að finna annan fundatíma.